

10.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 26.nóvember, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi og Jósep Húnfjörð gjaldkeri. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Hlín Bjarnadóttir fulltrúi tækninefndar kvenna, Sæunn Viggósdóttir fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla og Karen Jóhannsdóttir fulltrúi tækninefndar í hópfimleikum. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ.

Einar Ólafsson ritari og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla, boðuðu forföll. Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið að þessu sinni.

Dagskrá:

1.Uppskeruhátíð FSÍ

Á þingi FSÍ 2012 var ákveðið að halda uppskeruhátíð FSÍ árlega, á þeirri hátíð gefst tækifæri til að heiðra þá sem hafa skarað fram úr á árinu og veita viðurkenningar samkvæmt 15 gr. reglugerðar FSÍ. F.S.I. veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið og fimleikana í landinu.

- Starfsmerki F.S.Í. skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin. Gullmerki F.S.Í. skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
- Afreksmerki F.S.Í. skal veita einstaklingi sem skarað hefur fram úr í keppnum og náð frábærum árangri.
- Afreksbikar F.S.Í. fyrir besta árangur ársins, skal veittur þeim sem skarað hafa fram úr á árinu. Hægt er að veita bikarinn fyrir árangur í starfi, keppni eða á annan hátt sem stjórn ákveður.

Málið rætt

Samþykkt er að halda uppskeruhátíð þriðjudaginn 7.janúar. Skrifstofu FSÍ er falið að ljúka undirbúningi hátíðarinnar, þ.m. að útvega sal og veitingar.

Framkvæmdastjóra er einnig falið að senda póst á öll félög og óska eftir tilnefningum fyrir veitingu starfsmerki FSÍ.

2.Afrekssjóður FSÍ, úthlutun

Í 5.grein samþykktar fyrir Afrekssjóð FSÍ, kemur fram að

„Stjórn Afrekssjóðs FSÍ skal óska eftir tillögum um úthlutun vegna verkefna á vegum sambandsins frá sviðstjóra landsliða FSÍ/landslíðsþjálfurum, að minnsta kosti einu sinni á ári. Stjórn FSÍ úthlutar styrkveitingu úr sjóðnum eins oft og þurfa þykir.“

Stjórn fimleikasambandsins óskar eftir fyrrgreindir aðilar sendi stjórn Afrekssjóðs FSÍ tillögur um úthlutanir.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins felur skrifstofu að koma framangreindum skilaboðum á framfæri. Stefnt er að því að úthlutun verði á uppskeruhátíð FSÍ.

3. Erindi frá FFA vegna fararstjóra á Eurogym,

Þetta er frestað erindi frá 9. fundi, dagsettu 12. nóvember 2013.

13-18 júlí 2014 verður Eurogym haldið í Helsingborg í Svíþjóð, nú er forskráningu lokið og hafa 420 einstaklingar skráð sig sem er metþátttaka frá Íslandi. Stjórn FFA óskar eftir því að fá að senda 4 fararstjóra með hópnum fyrir hönd FSÍ.

f.h.FFA, Guðrún Tryggvadóttir

Málið rætt

EUROGYM er evrópsk fimleikahátíð fyrir ungmenni, á aldrinum 12-18 ára. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Ísland hefur tekið þátt í EUROGYM frá byrjun, eða alls 8 sinnum. Hátíðin hefst á opunarhátíð. Svo taka við vinnubúðir á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Eurogym er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna. Auk þess velur UEG nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem partý, karókí, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. EUROGYM er haldið annað hvert ár og verður næsta hátíð haldin í Helsingborg í Svíþjóð, sumarið 2014. Öllum fimleikafélögum á Íslandi er velkomið að taka þátt í EUROGYM.

Að þessu sinni hafa um 420 einstaklingar skráð sig til þátttöku, það er ljóst að sú mikla vinna sem FFA hefur unnið að undirbúningi hátíðarinnar er að skila fjölda þátttakenda og þeirri staðreynd að orðspor hátíðarinnar er gott. Stjórn fimleikasambandsins samþykkir að 3 fararstjórar á vegum fimleikasambandsins verði í forsvari fyrir Eurogym 2014 og felur framkvæmdarstjóra og nefnd um fimleika fyrir alla að tilnefna fararstjóra svo fljót sem auðið er.

4. Fræðslukvöld fyrir úrvalshópa, erindi frá sviðsstjóra landsliðsmála

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur fram eftirfarandi erindi.

Úrvalshópar í áhaldafimleikum verða skipaðir í byrjun desember og í framhaldi af því verður haldið fræðslukvöld fyrir hópana þar sem nokkur erindi verða flutt. Farið verður yfir líf afreksfólks, ferðareglur FSÍ, lífsreglur, áhrif afrekslífs á líkama, erindi frá ÍSÍ um lyfjaeftirlit og skynmyndapjálfun.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins fagnar þessu fræðslukvöldi og felur sviðsstjóra landsliðsmála í samvinnu við landsliðspjálfa að boða úrvalshópa til fræðslukvöldsins.

5. Undirbúningsnefnd fyrir smáþjóðaleikana 2015

Á 19. fundi stjórnar FSÍ sem haldinn var 4. desember 2012, var samþykkt að skipa Hlín Bjarnadóttur í undirbúningsnefnd vegna Smáþjóðaleikana sem haldnir verða hér á landi í júní 2015. Áður hafði verið samþykkt að Þorgerður L. Döðriksdóttir yrði formaður nefndarinnar.

Stjórn fimleikasambandsins óskar eftir að Jón Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri Glímufélagsins Ármanns, skipi einnig undirbúningsnefndina. Auk þess sem þeim þremur verði falið að finna fleiri meðlimi undirbúningsnefndar þegar fram í sækir og verkefnum fjölga. Að auki leggur stjórn til að Helgi Jóhannesson verði starfsmaður undirbúningsnefndarinnar.

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir þessar tilnefndingar.

Bókun.

A) Stjórn fimleikasambandsins þakkar Fimleikadeild Fjölnis fyrir að halda fyrsta Íslandsmótið í Stökkfimi, sem mjög góður rómur var gerður af.

Fundi slitið kl. 17:55.